

Starfsgreinasamband Íslands (SGS)
Guðrúnartúni 1
105 Reykjavík



Reykjavík, 19. október 2018

Efni: Mat á áhrifum krafna SGS

Vísað er til krafna SGS til Samtaka atvinnulífsins (SA) og stjórnvalda sem birtar voru 10. október og aðilar fjölluðu um á fundi í húsakynnum SGS þriðjudaginn 16. október sl. SA sakna þess að ekki liggi fyrir mat á heildarkostnaði efnahagslífsins, nái kröfurnar fram að ganga. Þá eru óljós áhrif á einstakar atvinnugreinar og samfélagshópa sem kröfurnar snerta. Nái kröfurnar fram að ganga munu áhrif á verðbólgu og vexti líklega verða mikil og gætu haft neikvæð áhrif á kaupmátt launa og húsnæðiskostnað. Skýr mynd af áhrifum framgangs krafna er, að mati SA, forsenda þess að unnt sé að hefja árangursríkar samningaviðræður.

SA leggja því til að SA og SGS feli óháðum aðila að leggja mat á áhrif krafna á félagsmenn SGS, fyrirtæki, atvinnulífið í heild og opinber fjármál. Kostnaði við matið yrði skipt jafnt á milli SA og SGS.

Nánar tiltekið verði mat lagt á:

1. Árlegan kostnað við framgang krafna SGS fyrir atvinnulífið og ríkissjóð.
2. Áhrif á verðbólgu, vexti, greiðslubyrði fasteignalána heimila og leiguverð fasteigna.
3. Hækkun launakostnaðar í einstökum atvinnugreinum, m.a. m.t.t. nýs launaflokkakerfis.
4. Hækkun launagreiðslna vegna styttingar vinnuvikunnar í 32 stundir með tilheyrandi hækkun tímakaups, hækkun álaga og aukinna yfirvinnugreiðslna.
5. Hækkun launagreiðslna í vaktavinnu vegna styttingar dagvinnutíma vaktavinnufólks í 25,6 stundir á viku.

SA vonast eftir jákvæðum viðbrögðum við ofangreindri beiðni til að tryggja gagnsæi, skilvirkni og upplýsta ákvarðanatöku aðila við gerð kjarasamninga.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Eyjólfur Árni Rafnsson
formaður

Halldór Benjamín Þorbergsson
framkvæmdastjóri